

Fimm ljóð frá Ferdinand

Ferdinand Jónsson geðlæknir í London er höfundur þessara ljóða en hann gaf út ljóðabókina *Innsævi* árið 2013 sem fjallað var um í júníblaðinu.

Ferdinand kom á ritstjórnarskrifstofu *Læknaþláðsins* núna í janúarbyrjun og afhenti þessi fimm glóðvolgu ljóð, blaðinu

og lesendum þess til gagns og gamans. Ljóðin bera höfundi sínum fagurt vitni. Hann fer um rammíslenskan efniviðinn lærðum læknishöndum, meitlar og tálgar og eftir stendur eitt orð í hverri línu, hreinn tregi, sterkur lífsvilji, auðmjúk samlíðan og svo einn fugl.



LÍKN

muggan
hylur
landið
hvíta

í afkima
orða
leitar
lækna-
jurta

allra
meina
smyrslum
smurður

þú

NÁTTBÓL

í gömlu
túni
marglitra
grasa
náttból
bý
þér

vallgresið
varðveitir
hugsun
þína

heim

GJAFIR

á þoku-
heiði
huldufólks
lyfja
grasið
grær

gefur
þér

mjóðinn
eina
af askinum

eilífa

aftur

GALDUR

magna
seið
úr fléttum
fornaldar
fjöllin
heima
gefa

ægistryrk
útvæðra

í urðinni
okkur
gangan
léttist

GRJÓT

klappar
gráu
grjóti
steindepill
syngur

í endalausri
urð

yfir
birtir

okkar
fugl
vakir

von-
gláður